

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg skal vera samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar og reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Reykjavíkurborg sér um söfnun á heimilisúrgangi frá íbúðarhúsum í Reykjavík og hefur umsjón með rekstri grenndarstöðva fyrir flokkaðan heimilisúrgang. Heilbrigðisnefnd er heimilt að veita öðrum aðilum undanþágu til söfnunar á flokkuðum heimilisúrgangi frá íbúðarhúsum í Reykjavík. Skilyrði undanþágu er að þjónusta sem veitt er sé meiri en þjónusta sem Reykjavíkurborg veitir, þ.e. nái til söfnunar á fleiri úrgangsflokkum. Í undanþágu skal kveðið á um nánari skilyrði hennar, m.a. varðandi skýrslugjöf til Reykjavíkurborgar og heilbrigðisnefndar Reykjavíkurborgar um magn úrgangs og flokkun hans, tíðni losunar og meðferð úrgangsins auk almennra hollustu- og mengunarvarnaákvæða. Undanþágu skal aðeins veita þeim sem hefur starfsleyfi til endurvinnslu og flutnings úrgangs í Reykjavík. Í þeim tilvikum þar sem veitt er undanþága, er Reykjavíkurborg jafnframt heimilt að falla frá innheimtu sorphirðugjálða að því marki, sem gjaldið nær til söfnunar heimilisúrgangs og leigu sorpílata.

Rekstraraðilar sem úrgangur fellur til hjá skulu sjálfir sjá um söfnun og meðferð á þeim úrgangi. SORPA bs. annast rekstur endurvinnslustöðva í Reykjavík til móttóku á flokkuðum úrgangi.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar hefur eftirlit með meðhöndlun úrgangs í Reykjavík skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, og að farið sé að samþykkt þessari.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang eða annan úrgang á víðavangi, götum eða gangstéttum. Sama á við um númerslausar bifreiðar, bíllflök, vélar og sambærilega hluti.

2. gr.

Söfnun á heimilisúrgangi.

Sorpílát fyrir blandaðan heimilisúrgang skal losa að jafnaði á 10 daga fresti. Húsráðendur sérþýlishúsa þar sem sorptunnur eru ekki samnýttar geta þó óskað losunar á að jafnaði 20 daga fresti. Reykjavíkurborg getur þó, ef aðstæður leyfa, heimilað losun sorpílata á að jafnaði 20 daga fresti við önnur hús en sérþýlishús. Sorpílát fyrir pappírs- og pappaúrgang skal losa að jafnaði á 20 daga fresti.

Sérhverjum húsráðanda íbúðarhúsnæðis er skyld að nota þau ílát og þær aðferðir sem heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar ákveður.

Reykjavíkurborg útvegar sorpílát til notkunar við íbúðarhúsnæði, yfirleitt 240 l plastílát. Þar sem stærri ílát henta við fjölbýlishús getur Reykjavíkurborg ákveðið notkun þeirra. Sorpílátin eru eign Reykjavíkurborgar og sér borgin um viðhald á þeim. Íbúðareigendur skulu gæta þess að valda ekki skemmdum á ílátunum. Verði ílát fyrir skemmdum af öðrum ástæðum en eðlilegri notkun og sliti getur Reykjavíkurborg farið fram á að íbúðareigandi greiði fyrir nýtt ílát.

Íbúðareigendur skulu halda sorpílátum hreinum svo ekki skapist heilsuspíllandi aðstæður eða óþægindi af völdum þeirra. Haldi íbúðareigendur sorpílátum ekki hreinum getur Reykjavíkurborg látið hreinsa ílátin á kostnað íbúðareigenda.

Húsráðandi, hússtjórn fjölbýlishúsa eða meirihluti eigenda í fjöleignarhúsum geta beðið um að ílátum sé fjölgæð eða fækkað og greiðir þá viðkomandi fyrir flutning ílátu samkvæmt reikningi. Fjöldi ílátu skal ekki vera svo takmarkaður að þau yfirfyllist. Að lágmarki skal vera eitt ílát fyrir blandað heimilissorp við hvert íbúðarhús.

Gæta skal þess að fylla ekki sorpílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim og flytja. Tilfallandi umframúrgang sem ekki rúmast í sorpílati skal losa í sérmerkta poka sem bera sorphirðugjald, á grenndarstöðvar, eða á endurvinnslustöðvar SORPU bs. eftir því hvaða úrgangsflokk er um að ræða. Reykjavíkurborg skal sjá til þess að sorppokar sem bera sorphirðugjald séu seldir á aðgengilegum stöðum.

Í dreifbýli er Reykjavíkurborg heimilt í samráði við heilbrigðisnefnd að setja upp sorpílát í alfaraleið í stað þess að sækja heimilisúrgang á hvert heimili. Staðsetning sorpíláts skal vera þannig að aðgengi að því sé gott. Í ílátin má eingöngu setja heimilisúrgang.

Ganga skal þannig frá úrgangi að ekki stafi af honum hætta fyrir sorphreinsunarmenn, t.d. pakka inn glerbrotum og hvössum málmhlutum.

3. gr.

Flokkun úrgangs.

Úrgang skal flokka og endurnota eða endurnýta eins og kostur er.

Óheimilt er að setja pappír og pappa í sorpílát og poka fyrir blandaðan heimilisúrgang. Pappír og pappa skal skila á grenndar- eða endurvinnslustöðvar eða setja í sorpílát fyrir pappír og pappa. Með pappír og pappa er átt við dagblöð og tímarit, auglýsingapóst, prent- og ljósritunarpappír, fernur, eggjabakka og aðrar paknningar utan af matvælum og öðrum varningi hvort sem er úr sléttum pappa eða bylgjupappa s.s. morgunkornspakka, pítsukassa og pappakassa.

Óheimilt er að setja skilagjaldsskyldar drykkjarvöruumbúðir úr áli, plasti, gleri og stáli í sorpílát og poka fyrir blandaðan heimilisúrgang. Óheimilt er að setja garðaúrgang, múrbrot, jarðefni eða grjót í sorpílát og poka fyrir blandaðan heimilisúrgang. Garðaúrgang skal jarðgera eða skila á móttóku-/endurvinnslustöð SORPU bs. Jarðefnum, grjóti og múrbroti skal skilað á móttóku-/endurvinnslustöð SORPU bs. eða á aðra móttökustaði fyrir óvirkan úrgang sem hafa til þess starfsleyfi.

Óheimilt er að setja spilliefni, lyf eða annan hættulegan úrgang í sorpílát og poka fyrir blandaðan heimilisúrgang. Úrganginum skal skilað á endurvinnslustöðvar SORPU bs. eða til söfnunar-/móttökuaðila sem hefur starfsleyfi til að meðhöndlja spilliefni.

Timbur, brotamálm og annan grófan úrgang er óheimilt að setja í sorpílát og poka fyrir blandaðan heimilisúrgang. Úrganginum skal skilað á endurvinnslustöðvar SORPU bs. eða brotamálms-fyrtæki sem hafa starfsleyfi til móttóku á brotamálmi.

4. gr.

Sorpgeymslur og -gerði.

Ganga skal þannig frá sorpílátum, sorpgeymslum og -gerðum að þau valdi ekki óþrifum eða óþægindum. Halda skal þeim við eftir þörfum og þau hreinsuð reglulega. Sorpgeymslur og -gerði má eingöngu nota til geymslu úrgangs.

Sorpgeymslur skulu vera á jarðhæð og standa sem næst aðkomu að lóð. Af sorpílátum sem draga þarf lengra en 15 metra frá sorpgeymslu eða -gerði að sorpbíl til losunar skal greiða viðbótar-losunargjald skv. gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavík. Þar sem fleiri en eitt sorpílát eru við hús skulu ílát sem ætluð eru sama úrgangsflotki geymd á einum stað en ekki dreift um lóð.

Halda skal greiðfærri leið að sorpílátum og hreinsa burt snjó á vetrum. Þegar hundur er tjóðraður á lóð eða laus á lóð innan hundheldrar girðingar skal tryggja að komast megi óhindrað að sorpílátum til losunar.

Séu sorpgeymslur eða -gerði læstar skal notast við lyklakerfi Reykjavíkurborgar. Þar sem fara þarf um lokuð hlið eða hurðir getur Reykjavíkurborg farið fram á að til staðar sé búnaður, t.d. krækjur, til að halda hurðum og hliðum opnum meðan losun fer fram.

Gönguleiðir að sorpílátum skulu, eftir því sem kostur er, vera upplýstar svo ekki skapist hætta fyrir starfsmenn við losun ílátanna.

Óheimilt er að staðsetja sorpílát sem eru þyngri en 40 kg þannig að fara þarf með þau um tröppur eða mikinn hæðarmun á lóð. Þar sem fara þarf með sorpílát um tröppur skulu vera á þeim fastar sliskjur eða rampi sem draga má ílátin eftir. Gangbraut milli sliskja skal vera u.p.b. 35 sm breið og breidd hverrar sliskju minnst 20 sm.

Að öðru leyti er vísað til byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

5. gr.

Grenndarstöðvar.

Reykjavíkurborg rekur kerfi grenndarstöðva fyrir flokkaðan úrgang.

Á grenndarstöðvum skal tekið á móti flokkuðum úrgangi til endurnýtingar. Stöðvarnar skulu staðsettar á áberandi stöðum þar sem aðgengi er gott. Grenndargámar skulu vera aðgengilegir öllum borgarbúum. Þéttleiki grenndarstöðva skal vera þannig að að jafnaði verði ekki meira en 1 km fyrir íbúa að grenndarstöð.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar ákveður hvaða flokkum úrgangs skal tekið við á grenndarstöðvum að fenginni tillögu Reykjavíkurborgar.

Óheimilt er að losa annan úrgang á grenndarstöð en þá flokka úrgangs sem tilgreindir eru með merkingum á hverri grenndarstöð.

6. gr.

Endurvinnslustöðvar.

SORPA bs. sér um rekstur endurvinnslustöðva í Reykjavíkurborg.

7. gr.

Gjaldtaka.

Innheimta skal gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá skulu fyrir söfnun á heimilisúrgangi og rekstur grenndar- og endurvinnslustöðva innheimt gjöld í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laganna. Gjöld skulu ákvörðuð og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæði 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, sbr. einnig 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöldin skulu vera sem næst meðalraunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er.

Gjöld fyrir söfnun á heimilisúrgangi og rekstur grenndar- og endurvinnslustöðva innheimtist með fasteignagjöldum á sömu gjalddögum.

Sorhirðugjald fyrir heimilisúrgang miðast við fjölda og stærð sorpíláta, hreinsunartíðni og vegalengd sem draga þarf sorpílat við losun. Sé þessu breytt breytist gjaldið miðað við hluta úr ári reiknað í vikum. Reykjavíkurborg annast skráningu íláta og skiptingu gjalds á eigendur.

Í fjöleignarhúsum er sorhirðugjöldum fyrir heimilissorp skipt eftir hlutfallstöllum eigenda í viðkomandi sameign sbr. 43. og 45. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994. Útreikningur hlutfallstölu skal byggður á flatarmáli eignarhluta hvers eiganda.

Reykjavíkurborg er heimilt að veita öryrkjum og eldri borgurum undanþágu frá ákvæði 2. mgr. 4. gr., um viðbótarlosunargjald, þegar sérstakar aðstæður krefja.

Gjald fyrir rekstur grenndar- og endurvinnslustöðva er lagt á allar íbúðir í Reykjavík.

Til tryggingar greiðslu skv. gjaldskrá í 1. mgr. er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

8. gr.

Refsviðurlög.

Með brot á samþykkt þessari skal farið skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 50. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Nr. 228

25. febrúar 2013

9. gr.
Gildistaka.

Samþykkt þessi er samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkurborgar og staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 410/2011 um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 25. febrúar 2013.

F. h. r.
Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Kjartan Ingvarsson.

B-deild – Útgáfud.: 12. mars 2013